# Grunnnám matvæla og ferðagreina

# VMA




















## Grunnnám matvæla og ferðagreina í VMA

Grunnnám matvæla- og ferðagreina er námsbraut með námslokum á fyrsta þrepi. Námið er ætlað nemendum sem stefna að frekara námi í matvæla- og ferðagreinum. Námið felur í sér almenna menntun þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemanda og lýðræðislega virkni. Námið er undirbúningur fyrir iðnnám í bakstri, framreiðslu (þjóninum), kjötiðn og matreiðslu (kokkinum) en einnig er það undirbúningur fyrir frekara nám í ferðaþjónustu. Námið er tveggja anna nám sem skiptist í bóklegar og verklegar faggreinar sem og kjarnagreinar í íslensku, ensku og stærðfræði. Áfanga af brautinni er hægt að meta inn á aðrar námsbrautir.





**Í VMA er nám fyrir matartækna.** Og kjötiðnaðarmenn.

**Matartæknar** eru starfandi í eldhúsum, mötuneyta og á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum og þeirra sérhæfing er; sérfæði fyrir sjúklinga, ofnæmis og óþolsvaldar í fæðunni o.fl. Í samstarfi við kjötvinnslurnar Kjarnafæði og Norðlenska er öflugt lotubundið **kjötiðnaðarnám.**






2. bekkur í matreiðslu hófs haustið 2016

**Nám á grunndeild matvæla- og ferðagreina er 64 einingar og ljúka nemendur brautinni með hæfni á 1. þrepi. Námstími er 1 ár. . Að loknu grunnnámi getur nemandinn byrjað á samning í bakaraiðn, kjötiðn, matreiðslu eða framreiðslu á verknámsstað sem hefur löggilt nemaleyfi.**

